

5. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 28. janúar 2019 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Hrunaljós.

Á fundinn mætti Guðmundur Daníelsson, verkefnisstjóri Hrunaljóss og fór yfir stöðuna á verkefninu. Verkið er nánast búið og stýttist í að tveir síðustu áfangarnir klárast til að notendur geti tengst ljósleiðaranum. Þá var farið yfir gjaldskrá Hrunaljóss og rætt um hvort það þyrfti að gera breytingar á henni vegna þeirrar leigu sem Hrunaljós þarf að innheimta vegna línuleigu o.fl. Veitustjórn þakkar Guðmundi fyrir góða yfirferð um málefni Hrunaljóss og felur veitustjóra og sveitarstjóra að vinna að breytingum á gjaldskrá Hrunaljóss.

2. Ferðapjónusta í landi Byggðar á Bríkum.

Fyrir liggur erindi frá Birni Þór Kristjánssyni f.h. Dream Holiday International ehf um endurskoðun á eldri vatnssamningi vegna uppbyggingar á lóni o.fl. í landi Byggða á Bríkum. Veitustjórn telur að miðað við fyrirliggjandi upplýsingar sé ekki hægt að víkja frá skilmálum sem voru í drögum að eldra samkomulagi.

3. Efra-Sel

Hannibal fór yfir beiðni frá Kaffi Sel ehf um upplýsingar um kostnað vegna teninga á köldu og veitu vatni vegna uppbyggingar á ferðapjónustu á Efra-Seli.

Veitustjórn vísar til gjaldskráa Hitaveitu Flúða og vatnsveitu Hrunamannahrepps varðandi erindið og veitustjóra að fara yfir málið með eigendum Kaffi Sels ehf. Elsa þurfti að víkja af fundi undir þessum lið.

4. Yfirlit veitustjóra.

Hannibal fór yfir nauðsyn þess að endurnýja 3 km kaldavatnslögn frá Götu að Ásatúni en komið er í ljós að miklir lekar eru á lögninni og kominn tími á endurnýjun hennar. Kostnaður gæti verið um kr. 6 millj. Veitustjórn samþykkir að farið verði í endurnýjun og felur veitustjóra að semja um verkið.

Þá fór Hannibal yfir kaup Hitaveitunnar á pressuvél fyrir heitavatnströr en þörf er að eiga slíka vél þar sem mjög erfitt er að fá slíkar vélar leigðar lengur. Kostnaður vegna kaupanna er áætlaður um kr. 3. millj.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 16:45.